

Lög Skylmingasambands Íslands (SKY)

1. grein

Heiti sambandsins er Skylmingasamband Íslands, auðkennt SKY, og er æðsti aðili um öll mál skylmingaíþróttarinnar innan vébanda Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍÍÍ). Skylmingasamband Íslands er aðili að Alþjóða skylmingasambandinu (FIE), [Evrópska skylmingasambandinu \(EFC\)](#) og [Norður-Evrópu skylmingasambandinu \(NFU\)](#).

Aðsetur sambandsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Skylmingasamband Íslands er samband ~~héraðssambanda og íþróttabandalaga (skylmingasérráða)~~ [íþróttahéraða](#). Öll ~~héraðssambönd og íþróttabandalög~~ [íþróttahéruð](#) ÍÍÍ, sem hafa innan sinna vébanda félög, er iðka, æfa og keppa í skylmingum geta orðið aðilar að Skylmingasambandi Íslands.

3. grein

~~Hlutverk SKY er í meginatriðum eftirfarandi:~~ [SKY er æðsti aðili fimleikamála innan Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands \(ÍÍÍ\) og er hlutverk þess í meginatriðum:](#)

- a) Hafa yfirstjórn allra málefna er varða skylmingaíþróttina á Íslandi.
- b) ~~Að vinna að stofnun nýrra sérráða og~~ [Efla á annan hátt](#) skylmingaíþróttina í landinu.
- c) Að setja nauðsynlegar reglur, löggilda dómara, ráðstafa landsmótum og alþjóðamótum sem haldin eru á Íslandi.
- d) [Að veita íþróttahéruðum stuðning við að fylgjast með aðildarfélögum þeirra, ef málefni sem þarfnast skoðunar heyra undir viðkomandi sérsamband.](#)
- e) Að koma fram sem fulltrúar Íslands gagnvart erlendum aðilum.
- f) Að samræma reglur við alþjóðlegar reglur, þar sem það á við.
- g) [Að tryggja góða stjórnarhætt innan sérsambandsins.](#)

4. grein

Málefnum SKY er stjórnað af :

- a) Skylmingaþingi
- b) Stjórn SKY

5. grein

Reikningsár SKY er almanaksárið.

6. grein

Skylmingaþing fer með æðsta vald í málefnum SKY, innan þeirra marka sem lög þess og landslög setja.

Þingið sitja fulltrúar frá þeim ~~íþróttabandalögum og héraðssamböndum~~ [íþróttahéruðum](#) sem mynda SKY. Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu virkra skylmingaiðkenda, þannig:

- fyrir 25 iðkendur eða færri koma 2 fulltrúar
- síðan 1 fyrir hverja 25 eða brot úr 25, allt að 100 iðkendum
- þá 1 fulltrúi fyrir hverja 50 iðkendur þar fram yfir.

Skylmingaþing skal haldið [fyrir lok júní](#) annað hvert ár ~~á tímabilinu mars til maí~~ og skal boða með minnst 5 vikna fyrirvara. Fimleikaþing skal halda fyrir lok júní ár hvert.

Fundarboð skal senda ~~héraðssamböndum og íþróttabandalögum~~ [íþróttahéruðum](#). Málafni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu skulu berast stjórn SKY skriflega minnst 3 vikum fyrir þing. Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þingið skal senda sambandsaðilum skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið. Skyldingaþing er lögmætt ef löglega hefur verið til þess boðað.

7. grein

Á Skyldingaþingi hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, en rétt til setu á þinginu, með málfrelsi og tillögurétt hafa að auki:

- a) Stjórn SKY
- b) Heiðursformaður og heiðursfélagar
- c) Framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóri ÍSÍ
- d) Fastráðnir starfsmenn SKY
- f) Allir nefndarmenn SKY

Auk þess getur stjórn SKY boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.

Allir fulltrúar skulu [hafa náð 18 ára aldri og vera](#) tilgreindir á kjörbréfi frá viðkomandi sambandsaðila. ~~og~~ [Kjörbréfum](#) skal skilað kjörbréfum við upphaf þinghalds. Hver fulltrúi fer með eitt atkvæði en getur auk þess farið með eitt annað atkvæði, samkvæmt skriflegu umboði þess sambandsaðila sem að hann er fulltrúi fyrir.

Við afgreiðslu almennra mála og í kosningum, ræður einfaldur meirihluti atkvæða viðstaddra atkvæðisbærra fulltrúa, en til lagabreytinga þarf 2/3 hluta sömu fulltrúa.

8. grein

Dagskrá Skyldingaþings skal vera eftirfarandi:

1. Þingsetning [og staðfesting lögmætis þingsins](#).
2. Kosning þingforseta.
3. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar.
4. Kosning ~~1. og 2.~~ þingritara.
5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
6. Endurskoðaðir reikningar sambandsins lagðir fram.
7. Umræður ~~og samþykkt reikninga~~ [um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins](#).
8. Ávarp gesta.
9. [Álit kjörbréfanefndar borið undir atkvæði](#).
9. Reikningar bornir undir atkvæði.
9. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram.
10. Kosning þingnefnda.
11. Lagabreytingatillögur.
12. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði.
13. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið og þingmeirihluti leyfir. Hægt er að bera upp mál sem ekki bárust innan tilsetts tíma (sjá 6. grein d) að fengnu samþykki 2/3 hluta þingfulltrúa.
14. Þingnefndir starfa.
15. Þingnefndir gera grein fyrir störfum sínum.
16. Umræður og atkvæðagreiðsla um lagabreytingatillögur og framkomin mál.
17. Kosningar:
 - a) Stjórn og varastjórn, sbr. 10. grein

- b) 2 skoðunarmenn reikninga
- c) Fulltrúa á Íþróttabíing ÍSÍ, skv. lögum ÍSÍ, á því ári sem Íþróttabíing ÍSÍ fer fram.

18. Þingslit.

Allar kosningar skulu vera skriflegar nema aðeins sé stungið upp á jafnmörgum og kjósa skal.

9. grein

- a) Aukabíing má halda ef nauðsyn krefur eða ef helmingur sambandsaðila óskar þess.
- b) Allur boðunar- og tilkynningarfrestur til aukabíings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings.
- c) Fulltrúar á aukabíingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf.
- d) Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt.
- e) Á aukabíingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin að eigin dómi orðið óstarfhæf.
- f) Að öðru leyti gilda um aukabíing sömu reglur og um reglulegt skylmingabíing

10. grein

- a) Stjórn SKY fer með æðsta vald í málefnum sambandsins á milli þinga.
- b) Stjórn SKY skal skipuð 5 mönnum sem kosnir eru á skylmingabíingi [til tveggja ára](#). Einnig skulu kosnir tveir fulltrúar til vara.
- c) Kjósa skal bundinni kosningu, fyrst formann og síðan aðra stjórnarmenn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. ~~Kjósa skal 3 menn í varastjórn SKY.~~

11. grein

Helstu störf stjórnar SKY eru:

- a) Að framkvæma ályktanir og samþykktir skylmingabíings.
- b) Að annast rekstur sambandsins.
- c) Að vinna að eflingu skylmingaíþróttarinnar.
- d) Að semja leikreglur og reglugerðir fyrir skylmingaíþróttina.
- e) Að sjá um að farið sé eftir viðurkenndum reglum, lögum sambandsins og fyrirmælum skylmingabíings.
- f) Að ákveða stund og stað fyrir skylmingabíing.
- g) Að ráða niður og ákveða stað og stund fyrir landsmót og alþjóðakeppnir haldnar hér á landi í samráði við stjórnir héraðssambanda og íþróttabandalaga (sér ráða).
- h) Að senda framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
- i) Að koma fram erlendis fyrir hönd skylmingaíþróttarinnar á Íslandi.

Stjórn SKY er heimilt að ráða launað starfsfólk.

12. grein

Ársskýrslur og ársreikningar sambandsaðila SKY skulu berast á tölvutæku formi til SKY fyrir 15. apríl ár hvert.

13. grein.

Stjórn SKY skal árlega, í upphafi keppnistímabils, boða til fundar með formönnum þeirra félaga sem aðild eiga að sambandinu. Hlutverk formannafunda er að staðfesta leikreglur, reglugerðir og vera stjórn SKY á annan hátt til ráðgjafar. Atkvæðavægi á formannafundi skal vera það sama og á næstliðnu skylmingaþingi.

14. grein

Stjórn SKY skal hafa frjálsan aðgang að öllum skylmingamótum sem fara fram innan vébanda sambandsins.

15. grein

Sambandsaðilar skulu tilkynna stjórn SKY um aðalfundi sína og skal einn fulltrúi sambandsins eiga rétt á fundarsetu.

16. grein

Félagaskipti skulu fara fram í samræmi við [reglur um félagaskipti SKY](#) ~~Móta~~ og ~~keppendareglur ÍSÍ~~.

17. grein

Stjórnskipaðar nefndir:

17.1. Stjórn SKY skal að loknu ársþingi skipa í eftirfarandi nefndir:

- a) Mótanefnd
- b) Dómaranefnd
- c) Landsliðsnefnd
- d) Tækninefnd

17.2. Stjórnskipaðar nefndir starfa í umboði stjórnar SKY skv. lögum og reglugerðum sambandsins. Stjórn SKY skal setja stjórnskipuðum nefndum nauðsynlegar starfsreglur. Stjórnskipaðar nefndir hafa ekki sérstakan fjárhag.

18. grein

Aðrar nefndir:

18.1. Skylmingaþing SKY getur skipað sérstakar tímabundnar nefndir, sem starfa á milli skylmingaþinga, til að fjalla um málefni, sem nánar eru ákvörðuð á þinginu.

18.2. Stjórn SKY getur skipað sérstakar nefndir til að fjalla um afmörkuð verkefni.

19. grein

Um öll ágreiningsmál er upp kunna að koma innan íþróttarinnar skal farið með skv. kafla 4 í lögum ÍSÍ, um dómstóla ÍSÍ.

20. grein

Merki SKY er skjöldur með bláum bakgrunnu, nafnið Skylmingasamband Íslands er ritað með hvítum stöfum efst á skildinum. Þrjú sverð liggja á hvítum dropalaga fleti fyrir neðan nafnið og hallast þau 45 gráður með oddinn uppávið til hægri. Efst er lagsverð í bláum lit, í miðjunni er höggsverð í rauðum lit og neðst er stungusverð í bláum lit. Litirnir í merkinu, blár, hvítur og rauður eru íslensku fánalitirnir.

21. grein

Heiðursfélaga SKY má kjósa á skylmingaþingi.

Heiðursfélagar SKY hafa rétt til setu á skylmingaþingum með málfrelsi og tillögurétt.

22. grein

Heiðursformann SKY má kjósa á skylmingaþingi, ef 4/5 mættra þingfulltrúa samþykkja kjörið. Heiðursformaður SKY kemur fram fyrir hönd sambandsins, þegar stjórn þess eða formaður kunna að óska og fela honum það.

23. grein

Tillögur um að leggja SKY niður, má aðeins taka fyrir á lögmætu skylmingaþingi. Til þess að samþykkja slíka tillögu þarf minnst $\frac{3}{4}$ hluta atkvæða. Hafi slíka tillaga verið samþykkt, skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulega þings. Verði tillagan þá samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun um að leggja SKY niður.

24. grein

Sé SKY þannig löglega slitið, skal afhenda ÍSÍ eignir SKY til varðveislu.

25. grein

Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur staðfest þau.

Breytt á 11. sambandsþingi SKY 22. júní 2016